

## Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málínu nr. M-52/2016:

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 4. júlí sl. bað Ásmundur Helguson, kt. 200179-4719, Hringbraut 101, 107 Reykjavík, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á kælistákápi.

### II

#### Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 1. september sl. sendi kærunefndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar mál þitt þar sem kvartað er vegna viðskipta við Y. Af því tilefni vill kærunefndin benda á að hún starfar samkvæmt reglugerð nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa, en í 2. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar segir: „Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kærunefndin því eftir:

- 1) Nánari upplýsingar um það hver gagnaðili er, heimilisfang hans, fullt nafn og kennitala.
- 2) Kvittun eða viðlíka staðfestingu á greiðslu vegna kaupa á ísskáp þeim sem málið snýst um.
- 3) Kvittun fyrir þeim kostnaði sem þú segist hafa lagt út fyrir, í tengslum við flutning á ísskápnum o.fl.

Þá óskar kærunefndin eftir hverjum öðrum þeim gögnum sem þú kannt að hafa undir höndum sem varpað gætu ljósi á máli þitt.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 11. september n.k. Verði ekki orðið við þessu má vænta þess að málínu verði vísað frá nefndinni.“

Kærunefndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi og hefur álitsbeiðandi ekki haft samband við hana á annan hátt. Kærunefndin álítur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kærunefndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verið vísað frá getur álitsbeiðandi sent kærunefndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beðið var um í bréfi nefndarinnar frá 1. september sl.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarinis er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

III  
**Álitsorð**  
Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson